Móttekið hjá RSK
15. Feb. 2007
Fyrirtækjaskrá

620207-2330

**RSK**
FYRIRTÆKJASKRÁ

# Umsókn um skráningu og úthlutun á kennitölu til félaga, samtaka og annarra aðila

**samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 17/2003**

**Ath ! Ljósrit af samþykktum (reglum) félags þarf að fylgja með umsókn þess um kennitölu**
**Samþykktir félags skulu undirritaðar af stofnendum**

Nafn félagsins Krabbameinsfélagið FRAMFÖR

Fullt heimilisfang Skógarhlíð 8 Reykjavík póstnr. 105

Pósthólf ______ Sími 5401900 Bréfasími 540 1910

Tilgangur félagsins
Efla rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og styðja í hvívetna baráttuna gegn því.

| Stjórn félagsins skipa (nafn og staða) | | Kennitala |
|---|---|---|
| Nafn | Oddur Benediktsson formaður | 050637-2129 |
| Nafn | Hinrik Greipsson gjaldkeri | 240847-3379 |
| Nafn | Jón G. Ingvason ritari | 090150-2009 |
| Nafn | Einar Benediktsson meðstj. | 300431-3219 |
| Nafn | Guðni Alfreðsson meðstj. | 060342-4749 |

**Formaður stjórnar (eiginhandarundirskrift)**

Nafn Oddur Benediktsson

Heimilisfang Tómasarhaga 32

Sími 551 3317 899 3317 Netfang oddur(hja)hi.is oddur@hi.is

Kennitala 050637-2129

**EUROCARD** ☐ **VISA** ☐

**Skráningargjald kr. 5000,- staðgreiðist, greiðist með kreditkorti eða leggist inn á reikning: Ríkisskattstjóri kt. 540269-6029. Íslandsbanki 0515-26-723000. Ljósrit af kvittun þarf að fylgja.**

**Gildir til** ☐☐☐☐☐

**Kortanúmer** ☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐☐

## Drög að lögum: Krabbameinsfélagið Framför

*(Samþykkt einróma á stofnfundi mánudaginn 12. febrúar kl. 18 í húsakynnum verslunarinnar Maður lifandi. Vinnuheitið "Framför" er notað hér en kemur til ákvörðunar á aðalfundi).*

**1. gr.**

Félagið heitir Krabbameinsfélagið Framför. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið mun sækja um aðild að Krabbameinsfélagi Íslands.

**2. gr.**

Markmið félagsins er að efla rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og styðja í hvívetna baráttuna gegn því.

Þessum tilgangi hyggst félagið einkum ná með því að:

stofna og reka sjóð til þess að efla rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og þeim þáttum sem geta orsakað meinið;

fræða almenning um meinið og varnir gegn því;

stuðla að aukinni menntun heilbrigðisstétta og skyldra greina í greiningu, fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð meinsins.

**3. gr.**

Félagi getur hver sá einstaklingur verið sem aðhyllist tilgang félagsins og greiðir því tilskilin gjöld. Félög eða stofnanir geta verið styrktarmeðlimir gegn árlegu gjaldi. Árgjald skal ákveðið á aðalfundi.

**4. gr.**

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda fyrir marslok ár hvert. Skal hann boðaður með að minnsta kosti viku fyrirvara. Tilkynna skal dagskrá í fundarboði. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

**5. gr.**

Á aðalfundi skulu jafnan tekin fyrir þessi mál: Skýrsla félagsstjórnar fyrir síðastliðið starfsár. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar. Kosin stjórn og varastjórn (sbr. 6. gr.). Kosnir tveir skoðendur reikninga til eins árs, og einn til vara. Kosnir fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands.

**6. gr.**

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum. Formaður skal kjörinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skulu kosnir tveir meðstjórnendur til tveggja ára og tveir varamenn til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skipar nefndir til starfa fyrir félagið eins og þurfa þykir.

**7. gr.**

Stjórn félagsins getur ráðið starfsmann til að sjá um rekstur skrifstofu fyrir félagið.

**8. gr.**

Stjórnarfundi skal halda eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Skylt er að boða stjórnarfund ef tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef minnst þrír stjórnarmenn eða varamenn þeirra sækja fundinn.

**9. gr.**

Stjórnin efnir til fræðslufunda að minnsta kosti tvisvar á ári.

**10. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

**11. gr.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Til þess þarf tvo þriðju greiddra atkvæða. Skal þess getið í fundarboði ef tillögur til lagabreytinga verða lagðar fram á fundinum. Aldrei má breyta lögunum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins, sbr. 2. gr.

**12. gr.**

Til þess að leggja félagið niður þarf samþykki þriggja fjórðu fundarmanna á aðalfundi, enda hafi áform um félagsslit verið getið sérstaklega í fundarboði. Verði félagið lagt niður skulu eignir þess renna til Krabbameinsfélags Íslands. Því ákvæði má aldrei breyta.

þannig samþykkt á stofnfundi 12/2 2007

Oddur Benediktsson [illegible] gjaldkeri
Formaður